



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. september 2024
USK24090074

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 25. september 2024 varðandi eftirfarandi mál:

Elliðaárdalur - Breyting á deiliskipulagi

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Í breytingunni sem lögð er til felst að lega samgöngustíga er uppfærð til samræmis við fyrirliggjandi hönnun annars vegar við mislæg gatnamót Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar og hins vegar samgöngustígs með tveimur brúm yfir Dimmu. Báðar brýr fá breytta staðsetningu við nánari hönnun. Þá er ofanvatnstjörn komið fyrir milli stíga norðan við Breiðholtsbraut. Jafnframt er deiliskipulagsmörkum breytt þannig að mörkin fara að vegkanti rampa á Arnarnesvegi. Samgöngustígar norðan Breiðholtsbrautar ásamt fláum verða þannig innan deiliskipulags Elliðaárdals að mörkum þróunarreits. Deiliskipulagsmörk Arnarnesvegar breytast til samræmis við þessa afmörkun, samkvæmt uppdráttum frá Landslagi, dags. 29. ágúst 2024.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða breytingu á deiliskipulagi í Elliðarárdal og er þetta ágætt dæmi um slakan undirbúning verks að mati fulltrúa Flokks fólksins. Ekki er traustvekjandi að breyta þurfi hönnun þegar framkvæmdir eru hafnar. Svo vekur það sérstaka athygli að koma á fyrir ofanvatnstjörn milli stíga norðan við Breiðholtsbraut til að taka á móti yfirborðsvatni áður en það rennur út í Elliðaár. Það er gott og vel en Flokkur fólksins telur mikilvægt að í slíkum tjörnum sé hægt að gera hólma fyrir fuglalíf. Hægt er að gera hólma fyrir sáralítinn kostnað.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: uppdrættir frá Landslagi, dags. 29. ágúst 2024.



Reykjavík






Hluti upphaflegs deiliskipulag 1:2500 auglýst í B-deild 28.04.2021



Gildandi deiliskipulag 1:2500 auglýst í B-deild 28.10.2022



Breytt deiliskipulagi

Elliðaárdalur - deiliskipulag.

Alment.
Breyting er gerð á upphaflegu deiliskipulagi, "Reykjavíkurborg Elliðaárdalur" Auglýst í B-deild 28.04.2021. Jafnframt er breyting gerð á fyrstu breytingu ofangreinds skipulags. Auglýst í B-deild 28.10.2022.

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:


1. Lega samgöngustíga er uppfærð til samræmis við fyrirbyggjandi hönnun annars vegar við mislæg gatnamót Arnarnesvegjar og Breiðholtsbrautar og hins vegar samgöngusstígs með tveimur brúm yfir Dimmu. Báðar brýr fá breytta staðsetningu við nánari hönnun.
2. Ofanvatnstjörn er komið fyrir milli stíga norðan við Breiðholtsbraut.
3. Deiliskipulagsmörkum er breytt þannig að mörkin fara að vegkanti rampa á Arnarnesvegi. Samgöngustígur norðan Breiðholtsbrautar ásamt fláum verður þannig innan deiliskipulags Elliðaárdals að mörkun þróunarreits. Deiliskipulagsmörk Arnarnesvegjar breytast til samræmis við þessa afmörkun.

4. Möguleg hljóðvörn sett inn á skipulag meðfram Breiðholtsbraut og rampi frá Arnarnesvegi. Valkvætt sem mön eða veggur allt að 1,5 m hæð


Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags Elliðaárdals sem öðlaðist gildi þann 28. apríl 2021 m.s.br.

Samræmi við aðrar áætlanir
Skipulagsleg staða - aðalskipulag

Í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er skipulagssvæðið skilgreint OP4 Elliðaárdalur. Breyting á deiliskipulagi er í samræmi við gildandi aðalskipulag.



Upphaflegt skipulag Elliðaárdalur - Suðurhluti 1:10000



HLUTI AÐALSKIPULAGS 2040
Rauður hringur sýnir staðsetningu breytingar

NY BREYTING

SKIPULAGI BREYTT 28.10.2022

Skýringar

	Deiliskipulagsmörk
	Brú
	Hjólástígar
	Stofnstígar
	Tengistígar
	Aningastaður / fræðsla
	Ofanvatnslaut
	Gróður
	Hverfisvernd
	Veghelgunarsvæði 30m
	Neðribrún fláa
	Núv. hitaveitulögn
	Ný hitaveitulögn
	Hljóðvörn möguleg, mön eða veggur 1,5 m há

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fjnð hefur meðferð í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____
Tillagan var auglýst frá _____
með athugasemdafresti til _____
Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðnda þann _____

REYKJAVÍKURBORG - ELLIÐAÁRDALUR
BREYTING Á DEILISKIPULAGI
SKIPULAGSUPPRÁTTUR - SUÐURHLUTI

KVARDI-A1: 1:2500	TEIKN NR: 101
DAGS: 29.08.2024	HANNAÐ: ph
FLOKKUR: 000-reyk-elli_A	TEIKNAD: ph/er
SKRÁ: 1.2500	VERKNR: 24020

